

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Gamla bæinn í Múlakoti.

### 1. gr.

#### *Heiti.*

Sjálfsveignarstofnunin heitir Gamli bæinn í Múlakoti og starfar skv. lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

### 2. gr.

#### *Heimilisfang.*

Heimilisfang stofnunarinnar er í sveitarfélaginu Rangárþingi eystra.

### 3. gr.

#### *Markmið.*

Markmið stofnunarinnar er að endurbæta, varðveita og sjá um rekstur Gamla bæjarins í Múlakoti, á þann veg að sem mest starfsemi geti farið fram í húsinu til að standa undir rekstrar-kostnaði. Þá skal að því stefnt að komið verði fyrir í húsinu myndum og munum sem tengjast sérstaklega sögu staðarins og e.t.v. fleiru sem vel þykir fara innan húss og utan. Ráðstafa skal fjármunum sjálfsveignarstofnunarinnar þannig að þeim sé eingöngu ráðstafað til starfsemi skv. þessari grein.

### 4. gr.

#### *Stofnendur.*

Stofnendur stofnunarinnar eru:

1. Guðjón Stefán Guðbergsson kt. 070743-2219 og Sigríður Hjartar kt. 300143-3939 en þau afhenda stofnuninni friðlýstar húseignir í Múlakoti, innbú og u.þ.b. 0,5 ha lóð að verðmæti kr. 30.000.000;
2. Sveitarfélagið Rangárþing eystra kt. 470602-2440 er greiðir kostnað vegna deiliskipulags um eignina sem nemur kr. 2.500.000 og;
3. Byggðasafnið í Skógum kt. 700655-0169 sem leggur fram sérfræðiaðstoð sem felst í skipulagi og uppsetningu vegna endurbyggingar Múlakots og vegna sýningarhalds. Sérfræðiaðstoðin er metin á kr. 2.500.000.

### 5. gr.

#### *Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 35.000.000 sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

### 6. gr.

#### *Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir þrjú menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn. Þau Guðjón Stefán Guðbergsson og Sigríður Hjartar tilnefna saman einn stjórnarmann og einn varamann. Sveitarfélagið Rangárþing eystra og Byggðasafnið í Skógum tilnefna hvort sinn stjórnarmann og varamann. Að skipunartíma fyrstu stjórnar liðnum og framvegis mun fráfaramandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

## 7. gr.

*Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Boða skal til stjórnarfunda með minnst þriggja daga fyrirvara með bréfi eða símleiðis. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 8. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

## 9. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

## 10. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

## 11. gr.

*Breyting samþykktá, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

## 12. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 12. febrúar 2015.*

**Bjarni Stefánsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrímsdóttir.*